
Eygló Harðardóttir (Svar på replik)

Þakka þér kærlega fyrir spurninguna. Við erum mjög stolt af fæðingarorlofskerfinu. Við erum líka búin að stíga skref eftir hrun til að endurreisa það. Þegar við fórum í gegnum mikla erfiðleika í framhaldi af bankakrísunni 2008 þá neyddumst við til að gera ákveðnar breytingar á kerfinu, að draga úr greiðslum en við erum núna búin að snúa því við. Nánast allir flokkar, fyrir þessar alþingiskosningar, töluðu um mikilvægi þess að byggja enn frekar upp fæðingarorlofskerfið okkar. Þar er verið að horfa til þess að nálgast hin Norðurlöndin varðandi lengd á fæðingarorlofi, að fara með það upp í tólf mánuði, en það væri samt sem áður áfram eyrnamerkt, eins og þú nefndir hér í fyrirspurninni, að sirka helmingur/helmingur verði á foreldrana, móður og föður í flestum tilvikum. Núverandi kerfi er hins vegar þannig að móðir fær þrjá mánuði, faðir fær þrjá mánuði og síðan eru þrjú mánuðir sem fólk velur á milli. Það er líka þannig, sem var mikilvæg réttarbót, að það er tryggt – við höfum séð að fjölskyldumynstur hafa breyst – að við erum að tala um að foreldrar eigi þennan rétt.

Við erum líka að huga að ákveðnum breytingum varðandi greiðslufyrirkomulagið. Það sem ég nefndi varðandi framtíðarskipanina, eins og nefnd á mínum vegum horfði til, og var gert í samstarfi aðila vinnumarkaðarins, var að það yrðu fimm mánuðir, fimm og svo tveir sem hægt væri að velja, þannig að við værum jafnvel að þrengja enn frekar valið til að tryggja jafnrétti hvað það varðar.

Það sem nefnt var varðandi árangurinn og hvatninguna varðandi það er það að við sjáum í rannsóknum að ef báðir foreldrar taka fæðingarorlof þá eru foreldrar líka líklegri til að deila umönnun barna og það hefur þá veruleg áhrif á atvinnuþátttöku foreldranna. Feður eru alveg jafnlíklegir til að fara

með börnin á leikskóla, vera heima þegar þau eru veik og þar af leiðandi ætti það ekki að hafa áhrif á atvinnuþátttöku kynjanna. Þetta er því eitthvað sem við teljum mjög mikilvægt en að sama skapi er líka mikilvægt að greiðslurnar endurspegli tekjur fólks því að það hefur áhrif á það hverjir taka síðan fæðingarorlofið.

Skandinavisk oversettelse:

Mange tak for spørgsmålet. Vi er meget stolte af vores barselsordning. Vi har også taget et skridt til for at genopbygge systemet efter det finansielle sammenbrud. I den vanskelige tid efter bankkrisen i 2008 var vi nødt til at foretage justeringer af ordningen og skære ned på ydelserne, men nu er denne udvikling vendt. Under optakten til det sidste altingsvalg talte næsten alle partier om hvor vigtigt det var at udbygge vores barselsordning yderligere. Der overvejer man at nærme sig de øvrige nordiske lande når det gælder orlovens længde og forlænge den til tolv måneder. Den vil fortsat være øremærket, ligesom du var inde på i dit spørgsmål, til at cirka halvdelen bliver ligeligt fordelt mellem forældrene, i de fleste tilfælde en mor og en far. Den nuværende ordning giver moderen tre måneder og faderen tre måneder hvorefter de tre resterende måneder fordeles efter forældrenes eget ønske. Der er tale om en vigtig lovændring, da man sikrer – vi har set hvordan familiemønstret har ændret sig – at forældrene har denne ret. Vi ser også på bestemte ændringer af ydelsesordningen. Det jeg nævnte i forbindelse med den fremtidige ordning, og som et udvalg på mine vegne undersøgte i samarbejde med arbejdsmarkedets parter, er at fordelingen skulle blive fem måneder til hver og til sidst to valgfrie måneder, hvorved vi indsnævrer valgfriheden for at sikre en ligestilling på dette punkt. Angående det som blev nævnt vedrørende succes og motivation, så viser forskningen, at når begge forældre tager barselsorlov, så er der større chancer for at forældrene deler omsorgen for børnene lige, hvilket i sidste ende påvirker forældrenes erhvervsfrekvens i nævneværdig grad. Det er lige så sandsynligt at fædre tager børnene i børnehave og bliver hjemme når børnene er syge, og dermed burde det ikke påvirke kønnenes erhvervsfrekvens. Derfor finder vi det meget vigtigt, men samtidigt er det også vigtigt at ydelserne afspejler forældrenes indtægter, da de påvirker hvem der tager barselsorloven.

Upplýsingar

Ræðunúmer

32

Gerð

Svar på replik

Notandi

[Eygló Harðardóttir](#)

Speaker role

Statsministerens stedfortræder, Island

Dagsetning

01.11.16 17:02